

Reykjavík, 7. maí 2024

Til atvinnuveganefndar Alþingis.
Tölvupóstfang: umsagnir@althingi.is.

Efni: 930. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024-

Í opinberri umræðu um mál þetta hefur athygli manna að vonum beinzt mjög að þeim háska, sem íslenska laxatofninum er búinn af laxeldi í opnum sjókvíum hér við land og þeim ótrúlega aðgangi sem alþjóðlegum eldisfyrirtækjum hefur verið veittur að fjörðum og flóum við landið.

Undir þá gagnrýni, sem að þessu ráðslagi beinist, er heilshugar tekið.


En það er miklu fleira en strandsvæðin, sem hin alþjóðlegu fyrirtæki og innlendir agentar þeirra sækja í. Það á alveg sérstaklega við um vatnsauðlindir landsins, þ. á m. grunnvatnsauðlindina, sem eldisfyrirtækin líta á sem gull, en innlend yfirvöld mörg líta aðeins á sem fyrirgreiðslutæki sín. Það er ekki að ástæðulausu, sem hreiður fiskeldisins í stjórnarráðinu vill nú láta fiskeldislög taka til alls **lagareldis**. Því skal hér aðeins minnt á hlutverk Alþingis sem fulltrúa íslenskra almannahagsmuna. Sjókvíaeldi Norðmanna við Ísland er aðeins ætlað að verða upphafið að enn yfirgrípsmeiri

auðlindahrífsi hér á landi, þegar hafið og miklu meira í undirbúningi.

Þetta eru viðvörðunarorð til Alþingis. Þess vænt, að þau verði hugleidd, þótt fá og lágvær séu.

Farsælast er að hafna í heild hinum framlagða frumvarpi og hugsa málið upp á nýtt með heildarhagsmuni þjóðarinnar í huga og í samráði við innlenda - og þar með rétta - hagsmunaaðila.

Virðingarfyllt,



Hörður Einarsson.